

Skólaráðsfundur 10.október 2023

Mættir: María Jónsdóttir, skólastjóri, Alfreð G. Maríusson, fulltrúi starfsmanna, Sólveig Lára Kjærnested, fulltrúi kennara, Fjóla Kristín Sveinbjörnsdóttir, fulltrúi nemenda, Kristjana Þórðardóttir, fulltrúi nemenda, Þórey Huld Jónsdóttir, fulltrúi foreldra.

Ritari : Sigrún Brynjólfssdóttir, aðstoðarskólastjóri.

Upphaf fundar: María setur fund og fer yfir að en vanti einn fulltrúa foreldra. María mun senda póst á foreldra og óska eftir fulltrúa. Ábending frá Þórey að tímasetning gæti verið erfið fyrir foreldra, þ.e.a.s snemma á morgnana.

Farið yfir dagsetningar fundar í vetur.

Skólaráð fundar skólaárið 2023 - 2024 á eftirtöldum dögum:

10.10, 14.11, 12.12, 16.01, 13.02, 19.03, 16.04 og 28.05

Fundartími er á þriðjudögum kl: 8:15 – 09:00.

Rætt um nýjan grenndarfulltrúa, áhugi að kanna stöðuna um að fá inn fulltrúa frá HK eða Krónunni Vallarkór.

- 1. Starfsáætlun:** María fer yfir ábendingar frá Þóreyju og tekið undir að þær séu góðar. Sérstaklega þarf að uppfæra jafnréttisáætlun miða við ný lög. María sendir uppfærslu þegar henni er lokið.

Engar aðrar athugasemdir. Starfsáætlun 2023 – 2024 er formlega samþykkt af skólaráði.

- 2. Okkar skóli:** María kynnir verkefnið Okkar skóli.
 - Fleiri boltar á yngsta stigi – komið í framkvæmd
 - Hafragrautur á mið stigi – komið í framkvæmd
 - Upplýsingaskjór á elsta stigi – kemur upp á næstu vikum.

Breytt framkvæmd á þessu skólaári. Verður lögð fyrir í nóvember og ekki samhliða árgangþingi.

- 3. Helgileikur:** Umræða hvort eigi að taka ákvörðun varðandi að hætta með helgileik eða ekki. Rætt um að það sé trúfrelsi á Íslandi og umhugsunarefni að taka eina ákveðna hlið fyrir. Sólveig talar um að það sé búið að leggja mikla vinnu í verkið milli ári og þurfi að finna nýtt leikrit og leikmuni. Það sé samt ekkert sem ekki er hægt að komast yfir. Nemendur tala um að þeim hafi þótt spennandi að taka þátt í þessu. Rætt um að sennilegi þurfi helgileikur að víkja fyrir öðru verki. Farið á stað með það verkefni að finna annað verk til að setja upp.
- 4. Sund á elsta stigi:** Nemendur tala um að það sé mikill kvíði hjá stelpum að fara í sund. Nemendur mæla með að það væri betra að kynjaskipta og þá myndu fleiri mæta. María ræðir um að þetta með kynjaskiptinu hafi verið rætt en erfitt að kynjaskipta útaf fjölda. Nemendur tala um að ekki sé nógu skýrt hvað það er sem þarf að standast sund í 9.árgang til að sleppa við sund í 10.árgang. María ætlar að fara yfir með íþróttakennurum hvað er á bak við það að þau geti lokið sundi fyrir 10.árgang.
- 5. Próftími:** Fyrirspurn frá nemanda um próftíma og hvort sé verið að herða reglur varðandi próftíma. Ekki vitað um slíkt en ákveðið að ræða við kennara á stigsfundum.

6. **Opnunartími bókasafns:** Einar í fæðingarorlofi og er bara í 40 % starfi. Nýr starfsmaður kemur á safnið 15. október, þá mun safnið verða opið á hefðbundinn hátt.

Næsti fundur 14.nóvember 2023

Fundi lokið kl: 09:10